



Persónuverndaryfirlýsing fyrir beina viðskiptavinum (bein sala)

Kæri tilvonandi viðskiptavinur.

Kæri viðskiptavinur.

Hér veitum við upplýsingar um söfnun, vinnslu og notkun persónuupplýsinga þinna sem núverandi eða tilvonandi viðskiptavinar í tengslum við sölu og þjónustu sem og markaðsstarf fyrir beina viðskiptavinum þar sem Volkswagen AG er eini ábyrgðaraðilinn í skilningi persónuverndarlaga.

A. Ábyrgðaraðili

Með þessari persónuverndaryfirlýsingu upplýsum við þig um söfnun, vinnslu og notkun persónuupplýsinga þinna. Ábyrgðaraðili vegna vinnslu persónuupplýsinga í skilningi 7. liðs 4. gr. almennu persónuverndarreglugerðar Evrópusambandsins (reglugerðar (ESB) 2016/679 - „GDPR“) er Volkswagen AG, Berliner Ring 2, 38440 Wolfsburg, kundenbetreuung@volkswagen.de, sem er skráð hjá fyrirtækjaskrá héraðsdómstóls í Braunschweig undir númerinu HRB 100484 („Volkswagen AG“).

Í tengslum við afhendingar bíla telst Volkswagen Konzernlogistik GmbH & Co. OHG, Heßlinger Straße 12, 38436 Wolfsburg, Þýskalandi, datenschutz-auskunft.vwag.r.wob@volkswagen.de (hér eftir nefnt Konzernlogistik), skráð hjá fyrirtækjaskrá héraðsdómstóls í Braunschweig undir númerinu HRA 100170, einnig vera ábyrgðaraðili í skilningi almennu persónuverndarreglugerðarinnar, en vakin er sérstök athygli á slíkum tilvikum í persónuverndaryfirlýsingunni.

B. Söfnun, vinnsla og notkun persónuupplýsinga þinna

I. Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Volkswagen AG

Í tengslum við viðskipti við beina viðskiptavinum vinnur Volkswagen AG með persónuupplýsingar á borð við persónulegar auðkenningarupplýsingar (t.d. fornafn og eftirnafn), samningsupplýsingar (t.d. um kaupdag, leigutíma o.s.frv.) eða almennar upplýsingar um bílinn á borð við verksmiðjunúmer (grindarnúmer). Hér á eftir er að finna lýsingu á því í hvaða tilvikum er unnið með persónuupplýsingar. Þar kemur fram á hvaða lagagrundvelli unnið er með upplýsingarnar, í hvaða tilgangi og hversu lengi upplýsingarnar eru geymdar.

1. Tilboðsgerð, pöntun, afhending, 2. dekkjasett, leigusamningur og útgáfa reiknings

Vegna tilboðsbeiðni, pöntunar á bíl sem viðskiptavinur hjá Volkswagen AG, afhendingar á pöntuðu 2. dekkjasetti, leigusamnings og útgáfu reiknings er þörf á persónulegum eða vinnutengdum auðkenningarupplýsingum, samningsupplýsingum og almennum upplýsingum um bíl, þ.e. verksmiðjunúmeri (grindarnúmeri) og upplýsingum um fyrsta skráningardag.



Þegar óskað er eftir tilboði vegna kaupleigu miðlum við persónulegum eða vinnutengdum auðkenningarupplýsingum sem og tilboðsupplýsingum fyrir bílinn áfram til Financial Services AG (FS AG).

Allt eftir því hvar samið hefur verið um að afhending bílsins og pantaða 2. dekkjasettsins fari fram miðlum við upplýsingunum áfram að hluta eða í heild til eftirtalinna fyrirtækja:

- Autostadt GmbH
- Kundencenter Emden
- Gläserne Manufaktur Dresden
- Audi AG
- Kundencenter Wolfsburg
- Kundencenter Hannover
- Volkswagen-samstarfsaðila

Ef valið er að sækja bílinn í Autostadt GmbH og gista einnig á hótelinu The Ritz-Carlton í Wolfsburg sendum við fyrirspurn um þessa þjónustu að ósk viðskiptavinar. Við miðlum persónuupplýsingum sem eru nauðsynlegar til að efna samninginn (póstfangi, fornafrni og eftirnafni) eingöngu áfram til hótelsins í því skyni að bera kennsl á þig, ganga frá bókun og eiga tilheyrandi samskipti (netfang, símanúmer og/eða farsímanúmer).

Þessi vinnsla persónuupplýsinga fer fram á grundvelli samnings eða gerðar samnings (b-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Af ástæðum sem tengjast skattarétti eru upplýsingunum eytt í síðasta lagi eftir 15 ár, þegar tilgangurinn fyrir vinnslunni er ekki lengur fyrir hendi.

2. Notendabjónusta og þjónusta eftir sölu

Vegna þjónustu við viðskiptavini eftir að gengið hefur verið frá beinum viðskiptum (t.d. svari við beiðni viðskiptavinar, ábyrgð, gjaldfrjálsri þjónustu, tæknilegum spurningum) er þörf á persónulegum eða vinnutengdum auðkenningarupplýsingum, samningsupplýsingum og almennum upplýsingum um bíl, þ.e. verksmiðjunúmeri (grindarnúmeri) og upplýsingum um fyrsta skráningardag.

Volkswagen AG vinnur einnig með þessar upplýsingar í viðskiptamódelinu „leiga“, t.d. í tengslum við ferlið við skil á bílnum.

Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við notendabjónustu og þjónustu eftir sölu fer fram á grundvelli samnings eða samningsgerðar (b-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar) eða á grundvelli lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en hagsmunir hins skráða (f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar). Hagsmunir Volkswagen AG sem vega þyngra en hagsmunir hins skráða felast í því að tryggja ánægju viðskiptavinar með því að veita viðeigandi þjónustu.

Af ástæðum sem tengjast skattarétti eru upplýsingunum eytt í síðasta lagi eftir 15 ár, þegar tilgangurinn fyrir vinnslunni er ekki lengur fyrir hendi.



3. Viðburðir fyrir viðskiptavini

Í tengslum við bein viðskipti er núverandi og tilvonandi viðskiptavinum boðið á mismunandi viðburði. Til þess að geta boðið þeim á viðburði með markvissum hætti þarf að nota persónulegar eða vinnutengdar auðkenningarupplýsingar. Lagagrundvöllur fyrir því er yfirlýsing núverandi eða tilvonandi viðskiptavinar um samþykki (a-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar). eða lögmætir hagsmunir sem vega þyngra en hagsmunir hins skráða (f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar). Hagsmunirnir felast í því að með slíkum viðburði getur Volkswagen AG átt bein samskipti við tilvonandi viðskiptavini eða við þig sem viðskiptavin, væntanlegan viðskiptavin eða starfsmann viðkomandi viðskiptavinar fyrir vörurnar og tekið þannig á móti óskum og ábendingum með beinum hætti. Upplýsingum vegna samskipta er eytt eftir í síðasta lagi tvö ár, þegar tilgangurinn fyrir vinnslu þeirra er ekki lengur fyrir hendi.

4. Undirbúningur og frágangur sölu á bílum til sérstakra kaupenda

Ákveðnir hópar viðskiptavina, t.d. einstaklingar með fötlun, ganga frá kaupsamningi beint við Volkswagen AG. Þegar gengið er frá kaupum, m.a. þegar farið er yfir möguleika á ívilnunum eða að falla frá kaupum, og við þá þjónustu sem því fylgir er unnið með samskipta- og auðkenningarupplýsingar einstaklings (t.d. fornafn, eftirnafn og heimilisfang), almennar upplýsingar um bílinn (t.d. grindarnúmer) og upplýsingar sem eru viðkvæms eðlis (t.d. um fötlun). Nauðsynlegt er að vinna með viðkvæmar upplýsingar til að kanna hvort kaupanda standi ívilnanir til boða.

Volkswagen AG vinnur með þessar upplýsingar á grundvelli samþykkis (sbr. a-lið 2. mgr. 9. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Upplýsingunum sem unnið er með er alla jafna eytt 15 árum eftir að unnið hefur verið úr máli viðskiptavinarins.

5. Að uppfylla lagakröfur

Til að uppfylla lagakröfur vinnur Volkswagen AG með nafn þitt, heimilisfang þitt, verksmiðjunúmer (grindarnúmer) bílsins, upplýsingar um gerð bílsins og frekari persónuupplýsingar ef þörf krefur.

Volkswagen AG er skylt að uppfylla ýmiss konar lagakröfur. Þar getur til dæmis verið um að ræða tolla-, skatta- og skráningarreglur.

Meðal annars vinnur Volkswagen AG með verksmiðjunúmer (grindarnúmer) bílsins til að kanna og tryggja að CO₂-losun sé í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins um eftirlit með CO₂-losun fólksbíla og léttra atvinnubifreiða. Ef gerðar eru breytingar á bílnum og samsvarandi breytingar á fylgiskjöllum bílsins fær fyrirtækið upplýsingar um gildandi verksmiðjunúmer (grindarnúmer) frá Volkswagen-samstarfsaðilum. Þegar um er að ræða yfirbyggingar eða viðbætur á léttum atvinnubifreiðum eru WLPT-niðurstöður sendar til framleiðanda yfirbyggingarinnar til að tryggja að CO₂-losun sé innan tilskilinna marka.

Vinnsla persónuupplýsinga er nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldur (sbr. c-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar) eða fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en hagsmunir hins skráða (sbr. f-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar), svo fremi sem vinnsla persónuupplýsinga viðskiptavinar fer fram í því skyni að ganga frá greiðslu þóknunar til söluaðila.



Geymslutíminn fer eftir tilganginum með vinnslunni, samkvæmt ákvæðum laga, í hverju tilviki fyrir sig.

Þegar um er að ræða verðbreytingar með skömmum fyrirvara samkvæmt 309. gr. þýskra einkamálalaga (BGB) á viðskiptavinur rétt á því að greiða fyrri verðið ef billinn var pantaður fyrir viðmiðunardaginn fyrir verðhækkunina. Til að kanna hvort um slíkan rétt er að ræða er þörf á almennum upplýsingum um bílinn á borð við verksmiðjunúmerið (grindarnúmerið), gerð bílsins og vélarafli.

Þessi vinnsla persónuupplýsinga fer fram á grundvelli samningsefnda samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar, ef viðskiptavinurinn er einstaklingur eða á grundvelli lögmætra hagsmuna sem veða þyngra en hagsmunir hins skráða (f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar), ef viðskiptavinurinn er starfsmaður hjá stórviðskiptavinum.

Af ástæðum sem tengjast skattarétti eru upplýsingarnar geymdar í 15 ár frá því atvikið á sér stað.

6. Skaðsemisábyrgð og vörueftirlit

Vegna skaðsemisábyrgðar og vörueftirlits fær Volkswagen AG verksmiðjunúmer (grindarnúmer) bílsins, upplýsingar um gerð og útbúnað bílsins sem og upplýsingar um viðgerðir sem farið hafa fram á honum.

Volkswagen AG ber lagaleg skylda til þess að hafa eftirlit með vörum sem fyrirtækið setur á markað meðan á endingartíma þeirra stendur og greina þannig mögulega ágalla snemma og lagfæra þá eins fljótt og kostur er. Meðal annars er um að ræða skyldu til að sinna vörueftirliti og skyldu til að fyrirbyggja hættu. Vörueftirlitsskyldan felur í sér söfnun og úrvinnslu mismunandi upplýsinga.

Vinnsla Volkswagen AG á persónuupplýsingunum fer fram á grundvelli lagaskyldu (sbr. c-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Upplýsingum frá þér sem unnið er með vegna skaðsemisábyrgðar og vörueftirlits er yfirleitt eytt að 15 árum liðnum.

7. Úttektir

Til þess að framkvæma innri úttektir vinnur Volkswagen AG úr nafni þínu, samskiptaupplýsingum þínum, verksmiðjunúmeri (grindarnúmeri) bílsins, samningsupplýsingum sem og frekari upplýsingum um bílinn þinn, allt eftir því hvaða innra ferli á að gera úttekt á.

Volkswagen AG framkvæmir reglulega úttektir til að kanna innri ferli. Þá getur þurft að nota ofangreindar persónuupplýsingar þínar til þess að meta tiltekið ferli.

Sú vinnsla hjá Volkswagen AG fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna (sbr. f-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar). Hagsmunirnir felast í því að kanna hvort innri ferli eru réttmæt og skilvirk og endurbæta ferlin ef þess gerist þörf.

Persónuupplýsingar þínar eru eingöngu skráðar í skýrslum um innri úttektir ef þær eru nauðsynlegar í þessum tilgangi. Þeim er yfirleitt eytt í síðasta lagi 15 árum eftir skráningu. Það er gert vegna sönnunarbyrði.



8. Sértilboð á vörum og þjónustu

Vegna úrvinnslu og athugunar á heimild þinni til að nýta þér sérkjör vinnur Volkswagen AG, allt eftir tilboðinu hverju sinni, úr nafni þínu, netfangi, símanúmeri, heimilisfangi, verksmiðjunúmeri (grindarnúmeri) bílsins sem og e.t.v. afritum sannvottana á borð við ökuskírteini þitt.

Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við úrvinnslu vegna nýtingar sérkjara fer fram í því skyni að efna samninginn sem gerður var við þig (sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Volkswagen AG býður þér með reglulegu millibili upp á tiltekna vörur og þjónustu á sérkjörum. Um er að ræða sérkjör sem þér standa ýmist til boða beint hjá Volkswagen-samstarfsaðila eða sem þú getur nýtt þér hjá Volkswagen AG.

Volkswagen AG vinnur jafnframt með persónuupplýsingar þínar í því skyni að kanna hvort þér sé heimilt að nýta þér þau sérkjör sem þér standa til boða hjá Volkswagen-samstarfsaðila og fer vinnslan þá fram á grundvelli lögmætra hagsmuna sem ganga framur hagsmunum þínum (sbr. f-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Það hversu lengi upplýsingarnar eru geymdar fer eftir lögbundnum varðveislutíma, t.d. vegna skattareglna.

9. Skoðanakannanir um ánægju viðskiptavina og markaðsrannsóknir

Í tengslum við skoðanakannanir um ánægju viðskiptavina og markaðsrannsóknir vinnur Volkswagen AG með eftirfarandi upplýsingar:

- samskipta- og auðkenningarupplýsingar þínar (t.d. fornafn, eftirnafn, heimilisfang, fæðingarár og tungumál)
- almennar upplýsingar um bílinn (t.d. grindarnúmer)
- samningsupplýsingar (t.d. auðkenni lands, auðkenni vörumerkis, aðild að vildarklúbbi, valin aðild / þjónustukerfi, viðtakendur klúbbkorta)
- lánsþæfis- og bankaupplýsingar (t.d. reikningur viðskiptavinar, IBAN, BIC)

Þessi vinnsla persónuupplýsinga fer fram á grundvelli samþykkis þíns (sbr. a-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar) eða á grundvelli lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en hagsmunir hins skráða (sbr. f-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Þú getur hvenær sem er afturkallað samþykki þitt gagnvart Volkswagen AG með framvirkum hætti. Frekari upplýsingar er að finna í **lið C**.

Um leið og leyfi Volkswagen AG til að vinna með persónuupplýsingar þínar fellur úr gildi er upplýsingunum eytt. Um slíkt er til dæmis að ræða þegar þú afturkallar eitt eða fleiri samþykki sem þú hefur veitt, lögbundin varðveisluskýlda er ekki lengur fyrir hendi og ekki er þörf á upplýsingunum til að verja réttarkröfur.

Upplýsingunum þínum sem unnið er með vegna lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en hagsmunir þínir er eytt fjórum árum eftir að þær eru skráðar.



10. Undirbúningur og frágangur sölu á bíl í ID-línunni

Við undirbúning og frágang sölu á bíl í ID-línunni þarf Volkswagen AG fyrir milligöngu Volkswagen-samstarfsaðila að vinna með persónuupplýsingar þínar (t.d. fornafn, eftirnafn, fæðingardag, heimilisfang, fastlínu- og farsímanúmer). Þetta á við um tilboðsgerð og vinnu vegna kaupsamnings (pöntun bíls, breytingar á pöntun, afhendingu, afpöntun). Í tengslum við vinnu vegna kaupsamnings getur verið að Volkswagen AG noti persónuupplýsingarnar sem þú gefur upp til að hafa samband við þig. Volkswagen AG vinnur með ofangreindar og e.t.v. einnig frekari persónuupplýsingar sem þú lætur í té til að efna samninginn við þig (sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Vegna afhendingar vinnum við, ef þú óskar þess, með Autostadt GmbH og/eða Volkswagen Sachsen GmbH og/eða söluaðilanum sem annast afhendinguna. Í slíkum tilvikum fer fram viðeigandi miðlun upplýsinga í því skyni að veita umsamda þjónustu (sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar). Ef greiðsludráttur verður til þess að senda þarf ítrekanir og grípa til innheimtuaðgerða vinnum við með Volkswagen Financial Services Digital Solutions GmbH, Gifhorner Straße 57, 38112 Braunschweig, Þýskalandi, sem vinnsluaðila á vegum Volkswagen AG.

Þegar gengið hefur verið frá kaupsamningi er fresturinn fyrir eyðingu og varðveislu á upplýsingum þínum í sölukerfinu að hámarki tíu ár frá afhendingu eða að hámarki fimmtán ár fyrir pöntunarupplýsingar í pöntunarkerfi Volkswagen AG. Að frestinum liðnum er viðkomandi upplýsingum eytt með reglubundnum hætti, svo fremi sem ekki er lengur þörf á þeim vegna samningsefnda eða samningsgerðar og/eða ekki er grundvöllur fyrir lengri vistunartíma hvað okkur varðar.

Veljir þú að gera kaupleigusamning er Volkswagen Leasing GmbH, Gifhorner Straße 57, 38112 Braunschweig, Þýskalandi, info@volkswagenleasing.de, skráð hjá fyrirtækjaskrá héraðsdómstóls í Braunschweig undir númerinu HRB 1858, ábyrgðaraðili fyrir undirbúningi, frágangi og framkvæmd kaupleigusamningsins í skilningi persónuverndarlaga. Volkswagen AG miðlar upplýsingum sem nota þarf við gerð samningsins (einkum auðkenningarupplýsingum þínum, samskiptaupplýsingum þínum, heimilisfangi þínu og upplýsingum um útfærslu bílsins) til Volkswagen Leasing GmbH á grundvelli samningsgerðar (sbr. b-lið 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar). Ítarlegar upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga er að finna í persónuverndarstefnu Volkswagen Leasing GmbH. Ef þú gerir kaupleigusamning er eingöngu upplýsingum um útfærslu bílsins og númer kaupleigusamningsins miðlað til Volkswagen AG þar sem þær eru síðan vistaðar og unnið með þær.

11. Greiningar vegna rekstrarstjórnunar

Volkswagen AG leitast stöðugt við að straumlínulaga ferli í rekstrinum og draga úr tilheyrandi kostnaði. Til þess að ná þessu markmiði þarf að fara fram ítarleg greining á vefgreiningar-, tilboðs-, sölu- og pöntunargögnum. Af þessum sökum vinnur Volkswagen AG með gögn úr vefgreiningar-, tilboðs-, sölu- og pöntunarkerfum, t.d.

- gerviauðkenni (t.d. gerviauðkenni notanda sem búið er til af handahófi)
- samskipta- og auðkenningarupplýsingar einstaklings (heimilisfang)
- samningsupplýsingar (t.d. upplýsingar um útbúnað bíls, pöntunarupplýsingar, upplýsingar um vörustjórnun)



- upplýsingar um notkun bíls (t.d. bifreiðargögn)
- upplýsingar um notkun upplýsingatækni (t.d. um síðustu innskráningu í þjónustu, notkun eiginleika).

Hér á eftir er fjallað ítarlega um tilganginn með vinnslunni, vinnsluna og viðeigandi lagagrundvöll.

Í þeim tilgangi að vinna mat í tengslum við rekstrarstjórnun notar Volkswagen AG auðkennisnúmer til að greina vefgreiningar-, tilboðs-, sölu- og pöntunargögn eftir gerðum, söluleiðum, pöntunarstöðu, greiningum á eftirsóttum útfærslum og útbúnaði og skýrslum um rekstrarhagfræðilegar lykiltölur. Volkswagen AG samkeyrir auk þess fyrirliggjandi gögn við ytri upplýsingar á borð við félagshagfræðilegar og félagslýðfræðilegar upplýsingar. Við þessa vinnslu er notað gerviauðkenni fyrir persónuupplýsingar þínar. Notkun gerviauðkenna felur í sér að öll atriði sem nota má til að persónugreina einstakling með beinum hætti eru fjarlægð (t.d. nafn, netfang, símanúmer, verkmiðjunúmer bíls). Atriði sem ekki má nota til að persónugreina einstakling með beinum hætti (gerviauðkenni) eru ekki fjarlægð. Atriðunum er skipt út fyrir gerviauðkenni áður en upplýsingarnar eru greindar í greiningarkerfum Volkswagen AG. Á engum tímapunkti er beinni tengingu við einstakling komið aftur á. Niðurstöðurnar úr þessari greiningu (einkum mælikvarðar og kennistærðir) eru að öllu leyti nafnlausar. Áður en viðtækari vinnsla fer fram (t.d. útreikningur á geirum, mælikvörðum og kennistærðum) eru upplýsingarnar gerðar ópersónugreinanlegar.

Sú vinnsla persónuupplýsinga þinna sem hér er lýst fer fram á grundvelli þeirra lögmætu hagsmuna Volkswagen AG að framkvæma greiningar í tengslum við rekstrarstjórnun (f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Volkswagen AG eyðir upplýsingum þínum með gerviauðkenni eftir þrjú ár eða í samræmi við lagakröfur, til dæmis um leið og tilgangurinn sem lá að baki söfnun þeirra er ekki lengur fyrir hendi og svo fremi sem önnur varðveisluskýlda mælir ekki gegn eyðingunni.

Vinnsla persónuupplýsinga þinna í tengslum við greiningar vegna rekstrarstjórnunar fer fram í Amazon Web Services Cloud á vegum Amazon Web Services EMEA SARL („Amazon“) í Evrópusambandinu. Ekki er hægt að útiloka að Amazon Web Services, Inc. með aðsetur í Bandaríkjunum hafi aðgang að persónuupplýsingunum og hafa því verið gerðir staðlaðir samningar þar að lútandi samkvæmt kröfum Evrópusambandsins (samningar sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins heimilar og tryggja sömu vernd persónuupplýsinga við vinnslu þeirra í ríkjum utan Evrópusambandsins og gildir innan Evrópusambandsins). Amazon vinnur eingöngu úr persónuupplýsingum þínum á okkar vegum og samkvæmt fyrirmælum frá okkur innan ramma vinnslusamnings.

Til að tryggja rekstraröryggi og vinna að frekari framþróun notast Volkswagen AG einnig við fyrirtækin Volkswagen Deutschland GmbH & Co. KG, CARIAD SE, Adastra GmbH og Deloitte Consulting GmbH, sem öll hafa aðsetur í Þýskalandi, sem vinnsluaðila.

Nálgast má upplýsingar um föst samningsákvæði í Evrópusambandinu á vefslóðinni: [EUR-Lex - 32021D0914 - EN - EUR-Lex \(europa.eu\)](#).



12. Greining á sölustarfi

Volkswagen AG leitast stöðugt við að straumlínulaga ferli í sölustarfi, draga úr tilheyrandi kostnaði og skapa grundvöll fyrir ákvarðanatöku og stefnumörkun á sviði sölustarfs. Til að ná þessu markmiði og öðlast betri innsýn í sölustarfið vinnur Volkswagen AG með persónutengd tilboðs-, sölu- og pöntunargögn, t.d.:

- gerviauðkenni (t.d. gerviauðkenni notanda sem búið er til af handahófi)
- upplýsingar um notkun bíls (t.d. bifreiðargögn)
- auðkenningarupplýsingar bíls (t.d. verksmiðjunúmer (grindarnúmer), pöntunarnúmer)
- samningsupplýsingar (t.d. upplýsingar um útbúnað bíls, pöntunarupplýsingar, upplýsingar um vörustjórnun, upplýsingar um kaupleigu og fjármögnun)
- upplýsingar um afhendingu (t.d. dagsetningu þegar bíllinn er sóttur, afhendingardag og - tíma).

Á grundvelli þessara upplýsinga vinnur Volkswagen AG ítarlegar greiningar og útbýr skýrslur og framtíðarspár um verkefnastöðu, sölu og lagerstöðu. Þessar skýrslur gagnast Volkswagen AG við áætlanagerð til meðallangs og lengri tíma.

Vinnsla Volkswagen AG á persónuupplýsingum þínum, sem skráðar eru af Volkswagen AG og þriðju aðilum, fer fram í ofangreindum tilgangi. Þriðju aðilarnir sem um ræðir (t.d. samstarfsaðilar Volkswagen, Volkswagen Financial Services AG) miðla þá upplýsingum þínum til Volkswagen AG.

Frekari upplýsingar um ofangreinda vinnslu er að finna í persónuverndaryfirlýsingu viðkomandi þriðja aðila.

Sú vinnsla persónuupplýsinga þinna sem hér er lýst fer fram á grundvelli þeirra lögmætu hagsmuna Volkswagen AG að framkvæma greiningar tengdar sölustarfi (f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Volkswagen AG eyðir upplýsingum þínum í síðasta lagi eftir 10 ár eða í samræmi við lagakröfur, til dæmis um leið og tilgangurinn sem lá að baki söfnun þeirra er ekki lengur fyrir hendi og svo fremi sem önnur varðveisluskylda mælir ekki gegn eyðingunni.

Vinnsla persónuupplýsinga þinna í tengslum við greiningar tengdar sölustarfi fer fram í Amazon Web Services Cloud á vegum Amazon Web Services EMEA SARL („Amazon“) í Evrópusambandinu. Ekki er hægt að útiloka að Amazon Web Services, Inc. með aðsetur í Bandaríkjunum hafi aðgang að persónuupplýsingunum og hafa því verið gerðir staðlaðir samningar þar að lútandi samkvæmt kröfum Evrópusambandsins (samningar sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins heimilar og tryggja sömu vernd persónuupplýsinga við vinnslu þeirra í ríkjum utan Evrópusambandsins og gildir innan Evrópusambandsins). Amazon vinnur eingöngu úr persónuupplýsingum þínum á okkar vegum og samkvæmt fyrirmælum frá okkur innan ramma vinnslusamnings. Til að tryggja rekstraröryggi og vinna að frekari framþróun notast Volkswagen AG einnig við fyrirtækin Volkswagen Deutschland GmbH & Co. KG og CARIAD SE, bæði með aðsetur í Þýskalandi, sem vinnsluaðila. Nálsgast má upplýsingar um föst samningsákvæði í Evrópusambandinu á vefslóðinni: [EUR-Lex - 32021D0914 - EN - EUR-Lex \(europa.eu\)](#).



13. Samningur um útlán á bíl

Í tengslum við beina sölu getur við tiltekin skilyrði (t.d. farandsýning með happdrætti) verið látinn í té bíll á grundvelli útlánssamnings í tiltekinn tíma. Er þá þörf á persónulegum eða vinnutengdum auðkenningarupplýsingum, samningsupplýsingum og almennum upplýsingum um bíl, þ.e. verksmiðjunúmeri (grindarnúmeri) og upplýsingum um fyrsta skráningardag. Ef bíllinn er afhentur hjá Autostadt GmbH er upplýsingunum miðlað til Autostadt GmbH. Einnig kemur til greina að fulltrúi viðskiptaaðila sæki bíllinn. Þá er persónulegum eða vinnutengdum auðkenningarupplýsingum og almennum upplýsingum um bíllinn, þ.e. verksmiðjunúmeri (grindarnúmeri) og skráningarnúmeri, miðlað áfram til fulltrúans. Ef óskað er eftir viðbótartryggingu er verksmiðjunúmerinu (grindarnúmerinu) miðlað áfram til Financial Services AG (FS AG).

Þessi vinnsla persónuupplýsinga fer fram á grundvelli samnings eða gerðar samnings (b-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Af ástæðum sem tengjast skattarétti eru upplýsingunum eytt í síðasta lagi eftir 15 ár, þegar tilgangurinn fyrir vinnslunni er ekki lengur fyrir hendi.

II. Vinnsla persónuupplýsinga hjá vörustjórnunarsviði samsteypunnar

Til að tryggja að afhending bíla fari fram á réttum tíma og með hagkvæmum hætti getur verið að vörustjórnunarsvið samsteypunnar vinni með persónuupplýsingar (persónulegar samskipta- og auðkenningarupplýsingar og upplýsingar um notkun bíls, einkum verksmiðjunúmer (grindarnúmer)).

Vinnsla upplýsinganna fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en hagsmunir hins skráða samkvæmt f-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar (hagsmunamats). Hagsmunir vörustjórnunarsviðs samsteypunnar sem vega þyngra en hagsmunir hins skráða felast í því að geta afhent bíla með einföldum hætti og á réttum tíma. Bílar til afhendingar eru tengdir við áfangastað fyrir flutning með verksmiðjunúmerinu (grindarnúmerinu) og afhentir í samræmi við það.

Upplýsingunum sem unnið er með í tengslum við þetta er eytt án tafar þegar lagagrundvöllurinn er ekki lengur fyrir hendi, þegar ekki er lengur þörf á upplýsingunum í tilgreindum tilgangi eða tilgangurinn er ekki lengur fyrir hendi og ekki er um annan lagagrundvöll að ræða (t.d. varðveislutíma vegna viðskipta eða skatta), í síðasta lagi eftir 15 ár.

III. Viðtakendur upplýsinga utan Volkswagen AG

Volkswagen AG miðlar persónuupplýsingum þínum ekki áfram til vinnsluaðila eða þriðju aðila nema að lagalegur grundvöllur sé fyrir því.

Svona notar Volkswagen AG vinnsluaðila fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Þeir aðstoða Volkswagen AG með ofangreind ferli. Gerðir hafa verið vinnslusamningar við þessa vinnsluaðila samkvæmt 28. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar til að tryggja að persónuupplýsingar þínar njóti sömu verndar hjá vinnsluaðilunum og hjá Volkswagen AG.

Vinnsluaðilarnir aðstoða t.d. við hýsingu tölvukerfa, tækniástoð og notendaþjónustu.



Í einstaka tilvikum miðlar Volkswagen AG persónuupplýsingum þínum einnig áfram til annarra aðila sem bera ábyrgð samkvæmt persónuverndarlögum. Þannig ber Volkswagen AG til dæmis lagaleg skylda til að miðla upplýsingum um verksmiðjunúmer (grindarnúmer) og gerð bílsins áfram til svokallaðra tjonamatsaðila.

Í tengslum við venjubundinn rekstur Volkswagen AG og samskipti vegna viðskipta á sér reglulega stað miðlun upplýsinga til þróunar- og framleiðslustöðva sem og til innflutningsaðila/umboða. Til dæmis getur verið að Volkswagen AG miðli verksmiðjunúmeri (grindarnúmeri) bílsins áfram til erlendra framleiðslustöðva í tengslum við lagfæringu ágalla og endurbóta á vörum.

Rannsóknaryfirvöld og dómstólar óska eftir upplýsingum um bíla sem tengjast rannsóknum til Volkswagen AG. Í tengslum við þetta getur verið að persónuupplýsingum þínum sé miðlað áfram til fyrrnefndra aðila.

IV. Miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa

Við miðlun persónuupplýsinga til svokallaðra þriðju landa (landa sem eru hvorki aðilar að Evrópusambandinu né Evrópska efnahagssvæðinu) fer Volkswagen AG í hvívetna eftir gildandi reglum um persónuvernd. Þannig miðlar Volkswagen AG eingöngu upplýsingum til viðtakenda í þriðju löndum (t.d. þjónustuaðila á sviði upplýsingatækni sem veita tækniþjónustu eða framleiðslustöðva sem annast gæðaprófanir á bilgerðum sem framleiddar eru þar) ef framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur tekið ákvörðun um það hvort fullnægjandi vernd teljist vera fyrir hendi í viðkomandi þriðja landi eða hvort tryggt hefur verið með

föstum samningsákvæðum Evrópusambandsins gagnvart viðtakanda upplýsinganna að miðlun upplýsinganna fari fram með öruggum hætti.

Þú átt kost á því að fá afrit með upplýsingum um þessar viðeigandi verndarráðstafanir sem við gerum til að tryggja fullnægjandi persónuvernd. Hafa má samband við okkur vegna þessa eftir þeim samskiptaleiðum sem koma fram í **lið D**.

C. Réttindi þín

Þú getur hvenær sem er nýtt þér eftirfarandi rétt þinn gagnvart Volkswagen AG þér að kostnaðarlausu. Nánari upplýsingar um hvernig þú getur neytt réttar þíns er að finna á eftirfarandi vefsíðu: <https://privacy.volkswagen.com>.

Þú nýtur jafnframt eftirfarandi réttinda þegar unnið er með persónuupplýsingar þínar hjá vörustjórnunarsviði samsteypunnar og getur nýtt þér þau hvenær sem er þér að kostnaðarlausu. Til að fá nánari upplýsingar skaltu hafa samband við: datenschutz-auskunft.vwag.r.wob@volkswagen.de.

Réttur til aðgangs að upplýsingum: Þú hefur rétt á að fá upplýsingar frá okkur um það hvernig vinnslu persónuupplýsinga þinna er háttað. Fyrirliggjandi upplýsingaskýrsla gefur yfirsýn yfir hvernig unnið er með persónuupplýsingar þínar hjá Volkswagen AG. Á grundvelli þessarar skýrslu getur þú óskað eftir nánari upplýsingum. Til þess getur þú notað viðkomandi eyðublað sem fylgir með.



Réttur til leiðréttingar: Þú hefur rétt á að fara fram á að við leiðréttum rangar eða ófullnægjandi persónuupplýsingar um þig.

Réttur til eyðingar: Þú hefur rétt á að fara fram á að upplýsingum um þig sé eytt, að uppfylltum skilyrðum 17. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Þú getur þá til dæmis farið fram á að upplýsingum um þig sé eytt ef þær eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra. Þú getur einnig farið fram á að upplýsingum sé eytt ef vinnsla okkar á upplýsingunum byggist á samþykki þínu og þú dregur samþykki þitt til baka.

Réttur til takmörkunar á vinnslu: Þú hefur rétt á að fara fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna verði takmörkuð þegar skilyrði 18. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar eiga við. Um slíkt er meðal annars að ræða þegar þú vefengir að persónuupplýsingar þínar séu réttar. Þú getur þá farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna sé takmörkuð þar til staðfest hefur verið að þær séu réttar.

Andmælaréttur: Svo fremi sem vinnslan fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna Volkswagen AG eða þriðja aðila, í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds átt þú rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna vegna sérstakra aðstæðna þinna. Ef þú andmælir vinnslu persónuupplýsinga þinna biðjum við þig að tilgreina ástæðurnar fyrir andmælunum. Þú hefur jafnframt rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga í þágu beinnar markaðssetningar. Þetta á einnig við um gerð persónusniðs, að því marki sem hún tengist beinni markaðssetningu.

Réttur til að flytja eigin gögn: Ef vinnsla persónuupplýsinga byggist á samþykki eða samningsefndum og er jafnframt sjálfvirk hefur þú rétt á að fá persónuupplýsingar þínar á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði og senda þær til annars vinnsluaðila.

Réttur til að draga samþykki til baka: Ef vinnsla persónuupplýsinganna byggist á samþykki hefur þú hvenær sem er rétt á að draga samþykki þitt til baka með framvirkum hætti, þér að kostnaðarlausu.

Réttur til að leggja fram kvörtun: Þú hefur jafnframt rétt á að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi (t.d. Persónuvernd) vegna vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum. Að öðru leyti getur þú látið reyna á rétt þinn fyrir dómstól á sviði einkamálaréttar.



D. Tengiliðir þínir

Tengiliðir þínir vegna nýtingar réttar þíns

Þú getur haft samband við tengiliði vegna nýtingar réttar þíns gagnvart vörustjórnunarsviði samsteypunnar á netfangið: datenschutz-auskunft.vwag.r.wob@volkswagen.de

Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi okkar er tengiliður þinn vegna málefna sem tengjast persónuvernd:

Persónuverndarfulltrúi Volkswagen AG og Group Logistics

Berliner Ring 2, 38440 Wolfsburg

dataprivacy@volkswagen.de

Gildir frá: 31. ágúst 2022